

Hallormsstaðaskóli
Bryndís Fiona Ford, skólastjóri
Hallormsstað
701 Egilsstöðum

Kópavogi, 8. desember 2021
Tilvísun: M21100038

Efni: Viðurkenning einkaskóla á framhaldsskólastigi til þriggja ára.

Vísað er til umsóknar dagsett 11.10.2021, þar sem sótt er um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og menningarmálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Viðurkenning felur hvorki í sér viljrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað. Um skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna. Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast Menntamálastofnun ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Hallormsstaðaskóla. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur nemenda, skólanámskrá (með hliðsjón af starfsháttum, skipulagi náms, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda o.fl.), námsbrautarlýsingar, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, menntun og kjör starfsfólks og starfsaðstaða.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Hallormsstaðaskóla kt. 640169-0959, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Hallormsstaðaskóla og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: 11 – Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep).

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans á Hallormsstað eins og því er lýst í umsókn, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Hallormsstaðaskóli uppfylli viðmið til þess að kenna eftir staðfestri námsbrautalýsingu:

Sjálfbærni og sköpunarbraut (20-472-4-11)

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Hallormsstaðaskóla.

Arnór Guðmundsson, forstjóri

(Undirritað rafrænt)



Hallormsstaðaskóli
Hallormsstað
701 Egilsstöðum

Dagsetning **17. október 2024**
Málsnúmer MRN24080126

Vegna viðurkenningar Hallormsstaðaskóla sem einkaskóli á framhaldsskólastigi

Vísað er til umsóknar Hallormsstaðaskóla, kt. 640169-0959, dags. 15. ágúst 2024, um framlengingu á nógildandi viðurkenningu skólans sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, vegna breytinga á námi skólans.

Hallormsstaðaskóla var veitt viðurkenning til kennslu á framhaldsskólastigi þann 8. desember 2021 en með viðurkenningunni var staðfest að skólinn uppfyllti viðmið til þess að kenna eftir staðfestri námsbrautalýsingu: Sjálfbærni og sköpunarbraut (20-472-4-11).

Fyrir liggur að Hallormsstaðaskóli hefur hafið formlegt samstarf við Háskóla Íslands um yfirfærslu náms í sjálfbærni og sköpun yfir á háskólastig en námið hefur hingað til verið á framhaldsskólastigi. Nemendur Hallormsstaðaskóla verða innritaðir í Háskóla Íslands á nýju ári og hefja nám á háskólastigi haustið 2025.

Nógildandi viðurkenning Hallormsstaðaskóla rennur út 8. desember nk. Gildistími viðurkenningarinnar rennur því út á miðjum skólavetri fyrir nemendahóp sem stundar nú nám við skólann á framhaldsskólastigi skólaárið 2024-2025. Samkvæmt upplýsingum skólans mun útskrift þess nemendahóps fara fram í maí 2025.

Með vísan til þeirra sérstöku aðstæðna í starfsemi skólans vegna breytinga á námi skólans er Hallormsstaðaskóla veitt framlenging á nógildandi viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. **Viðurkenning skólans dags. 8. desember 2021 gildir til 31. maí 2025.**

F.h. ráðherra
Nanna Kristjana Traustadóttir

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir